

Almennir skilmálar um sölu og afhendingu

Útgáfa 1.0 • 16. september 2026

JBT Nordic Ísland ehf.

Skilmálar þessir gilda um kaup í atvinnuskyni af JBT Nordic Ísland ehf. þegar þeir eru hluti af samþykktu tilboði. Íslenski textinn gildir ef misræmi er milli tungumálaútgáfa.

Efnisyfirlit

- | | |
|--|------------------------------------|
| 1 Gildissvið og samningsgögn | 8 Tilkynning um galla |
| 2 Samningsgerð og breytingar | 9 Aðstoð og þjónustukostnaður |
| 3 Vörur og ráðgjöf | 10 Ábyrgð og takmarkanir hennar |
| 4 Verð og greiðsla | 11 Atvik utan eðlilegra yfirráða |
| 5 Afhending og áframflutningur | 12 Trúnaður og réttindi vegna vara |
| 6 Móttaka og skoðun | 13 Tilkynningar og almenn ákvæði |
| 7 Takmörkuð ábyrgð og úrræði vegna galla | 14 Lög og ágreiningur |

1 Gildissvið og samningsgögn

1.1 Skilmálar þessir gilda um sölu JBT Nordic Ísland ehf. („JBT“) á þurrkbúnaði, þurrkpanelum, skápum, loftmeðhöndlunarbúnaði og sérstaklega umsaminni tengdri þjónustu til viðskiptavina sem kaupa í atvinnuskyni („kaupandi“). Þeir gilda ekki um neytendakaup.

1.2 Samningurinn samanstendur af samþykktu tilboði, tilgreindum tæknilýsingum og fylgiskjöllum þess, þeirri útgáfu þessara skilmála sem afhent var fyrir samþykki og skriflegum breytingum sem aðilar hafa samþykkt. Sérstaklega umsamin ákvæði ganga frammar, því næst samþykkt tilboð, umsamin tæknilýsing og loks þessir skilmálar. Síðari pöntunarstaðfesting breytir aðeins umsömdu ákvæði með skriflegu samþykki beggja aðila.

1.3 Innkaupaskilmálar kaupanda gilda ekki nema JBT samþykki þá sérstaklega skriflega. Leysa skal úr misræmi við skilmála í innkaupapöntun áður en samningur er efndur; þögn ein og sér felur ekki í sér samþykki breytingar.

2 Samningsgerð og breytingar

2.1 Samningur kemst á þegar JBT tekur við óbreyttu samþykki kaupanda á tilboði innan tilgreinds gildistíma þess, nema sérstaklega komi fram í tilboðinu að frekari skrifleg staðfesting JBT sé áskilin. Við samþykki skal tilgreina tilboðið og viðeigandi útgáfu þessara skilmála. Heimilt er að samþykkja með tölvupósti, rafrænni undirskrift eða í tilboðsgátt JBT. Sá sem samþykkir skal hafa heimild til að skuldbinda kaupanda.

2.2 Staðfesta skal framboð vara, verð og umfang áður en JBT samþykkir pöntun sem byggist á útrunnu tilboði. Breytingar á gerðum samningi, þar á meðal á tæknilýsingu, magni, afhendingu eða þjónustu, krefjast skriflegs samkomulags um áhrif á verð og tímasetningar.

2.3 Eftir að samningur hefur komist á hefur kaupandi ekki einhliða rétt til skila eða afpöntunar án sérstakrar ástæðu. Samþykki JBT afpöntun skal kaupandi greiða sanngjarnan, skjalfestan og óhjákvæmilegan kostnað vegna skuldbindinga sem þegar hefur verið stofnað til og vinnu sem þegar hefur verið unnin, að frádregnum sparnaði og endurheimtum fjárhæðum. Þetta takmarkar ekki riftunarrétt vegna vanefnda samkvæmt þessum skilmálum.

3 Vörur og ráðgjöf

3.1 JBT afhendir þær vörur og fylgihluti sem tilgreind eru í samningnum. Uppsetning, framkvæmdir á húsnæði, breytingar á raflögnum, gangsetning, þjálfun og fyrirbyggjandi viðhald eru ekki innifalin nema sérstaklega sé tekið fram að svo sé.

3.2 Ráðleggingar byggjast á upplýsingum kaupanda um álag, tegundir fatnaðar og búnaðar, vaktaskipulag, kröfur um afgreiðsluhraða, aðstæður á notkunarstað og aðrar viðeigandi upplýsingar. Kaupandi skal veita réttar upplýsingar og upplýsa um sérstakar aðstæður. JBT skal gæta hæfilegrar aðgæslu við ráðgjöf; sérstaklega umsamið notkunarmarkmið eða afköst skulu skráð í tilboðið.

3.3 Þurrktími og árangur við hreinlætis- eða loftmeðhöndlun ráðast af tilgreindum prófunar- og rekstrarskilyrðum, hleðslu og réttu viðhaldi. Birtar prófunarniðurstöður fela ekki í sér tryggingu fyrir sama árangri við allar aðstæður. Ekki er veitt trygging fyrir dauðhreinsun, sjúkdómavörnum, útrýmingu allra örvera eða því að rekstur kaupanda í heild uppfylli allar kröfur, nema slíkt sé sérstaklega umsamið og eigi stoð í viðeigandi vörugögnum. Ákvæðið leysir JBT ekki undan ábyrgð á röngum eða villandi vöruupplýsingum.

3.4 Kaupandi skal fylgja afhentum leiðbeiningum, þar á meðal kröfum um rafmagn, staðsetningu, festingar, loftræstingu, hita og raka. Þótt vara sé tilbúin til notkunar við tengingu falla þessar kröfur ekki niður. Kaupandi ber ábyrgð á öruggu aðgengi, viðeigandi aðstöðu og þjálfuðum notendum. JBT

ber áfram ábyrgð á eigin umsaminni vinnu og lögbundnum skyldum vegna vöruöryggis.

4 Verð og greiðsla

4.1 Verð eru í íslenskum krónum og án íslensks virðisaukaskatts nema annað sé tekið fram. Við hefðbundna afhendingu á vörustöð er flutningur að tilgreindri vörustöð í Þorlákshöfn, tollafgreiðsla við innflutning, viðeigandi tollar og venjuleg meðhöndlun á vörustöð sem þarf til að gera vörurnar tilbúna til afhendingar innifalin í vöruverðinu. JBT annast tollafgreiðslu. Íslenskur virðisaukaskattur af sölnni er tilgreindur sérstaklega.

4.2 Áframflutningur, vinna á notkunarstað og viðbótarþjónusta eru ekki innifalin nema þau séu tilgreind í tilboðinu. Um viðbótargeymslu vegna síðbúinnar móttöku fer samkvæmt grein 6. Venjulegu flutningsgjaldi vegna flutnings til afhendingarstaðar verður ekki bætt sérstaklega við samþykkt verð.

4.3 Samþykkt verð er fast nema um sé að ræða umsamdar breytingar eða sérstaklega umsamið reiknilíkan fyrir verðbreytingar. Sérhver gengisaðlögun skal tilgreina viðmiðunargengi, heimild þess, aðlögunardag og útreikning í tilboðinu. Ótilgreind einhliða gengisaðlögun gildir ekki.

4.4 Heildarfjárhæð reiknings fellur í gjalddaga þrjátíu almanaksdögum eftir að kaupandi samþykkir tilboðið. JBT skal gefa reikning út án tafar eftir samþykki og tilgreina þann gjalddaga. Greiðslufresturinn reiknast frá samþykki, ekki frá afhendingu eða móttöku. Þetta skerðir ekki rétt kaupanda samkvæmt grein 4.5 eða gildandi riftunarrétt. JBT er heimilt að krefjast dráttarvaxta og innheimtukostnaðar að því marki sem íslensk lög heimila.

4.5 Kaupandi sem gerir athugasemd við reikning skal skýra ágreininginn án tafar og greiða óumdeildar fjárhæðir á réttum tíma. Fjárhæð sem haldið er eftir skal vera í hæfilegu hlutfalli við rökstudda kröfu. JBT má fresta viðkomandi samningsefndum vegna gjaldfallinna óumdeilda fjárhæða eftir skriflega tilkynningu og hæfilegan frest til úrbóta, með samsvarandi breytingu á afhendingartíma.

4.6 Eignarréttarfyrrvari. Til tryggingar ógreiddu kaupverði áskilur JBT sér eignarrétt að seldum vörum þar til kaupverðið hefur verið greitt að fullu. Með fyrirvarann skal farið sem söluveð samkvæmt íslenskum lögum nr. 75/1997. Semja skal um hann skriflega eigi síðar en við afhendingu og tilgreina sérstaklega vörurnar og kaupverðið sem tryggt er í samþykktu tilboði eða öðru samningsskjali. Kaupandi má ekki selja eða veðsetja vörurnar án skriflegs samþykkis JBT meðan tryggingin er í gildi. Við greiðsludrátt áskilur JBT sér rétt til að krefjast nauðungarsölu samkvæmt gildandi lögum og, við gilda riftun, skila á vörunum. Gildi, áframhaldandi tilvist og fullnusta tryggingarinnar lúta lögbundnum takmörkunum; hún heimilar ekki óheimilan aðgang að húsnæði eða að JBT taki vörurnar til baka á eigin spýtur. Um áhættuskipti fer sérstaklega samkvæmt greinum 5 og 6.

5 Afhending og áframflutningur

5.1 Hefðbundin afhending felst í að kaupandi sækir vörurnar á þá vörustöð í Þorlákshöfn sem sérstaklega er tilgreind í tilboðinu. Í tilboðinu skal tilgreina rekstraraðila og afhendingarstað. Nema sérstaklega sé samið um Incoterms-reglu með tilgreindum stað og útgáfu fer afhending eftir þessum skilmálum án tilvísunar til Incoterms.

5.2 JBT skal tilkynna kaupanda þegar tilgreindar vörur eru tollafgreiddar og tilbúna til afhendingar og veita nauðsynlegar upplýsingar til að fá þær afhentar. Afhending og áhættuskipti verða þegar vörurnar eru afhentar kaupanda eða tilnefndum flutningsaðila hans á umsaminni vörustöð, áður en þær eru settar á ökutækið sem sækir þær. Kaupandi skipuleggur móttöku og ber hleðslukostnað að því marki sem hann er ekki þegar innifalinn í meðhöndlunargjöldum vörustöðvar sem JBT greiðir eða sérstaklega innifalinn í tilboðinu. Ekki skal innheimta sama meðhöndlunargjald tvisvar. JBT ber

áfram ábyrgð á tjóni sem rekja má til eigin athafna eða athafnaleysis.

5.3 Kaupandi ber ábyrgð á áframflutningi og viðeigandi tryggingavernd eftir áhættuskipti. Aðstoði JBT við að útvega flutning skal í skriflegu samkomulagi koma fram hvort JBT miðli eingöngu sambandi við flutningsaðila sem kaupandi semur beint við eða taki sjálft að sér afhendingu á annan umsamin afangastað. JBT má ekki túlka þögn kaupanda sem samþykki viðbótarflutningsgjalds.

5.4 Afhendingartímar eru áætlanir nema sérstaklega sé samið um að þeir séu bindandi. Tilboðið skal greina á milli þess hvenær vara er tilbúin frá verksmiðju og áætlaðs afhendingartíma á íslensku vörustöðinni. JBT skal án tafar tilkynna kaupanda um verulegar breytingar og gera sanngjarnar ráðstafanir til að draga úr töfum. Venjuleg töf hjá birgi telst ekki sjálfkrafa óviðráðanlegt atvik samkvæmt grein 11.

5.5 Við verulega afhendingartöf getur kaupandi veitt hæfilegan viðbótarfrest til afhendingar og rift þeim hluta kaupanna sem enn hefur ekki verið afhentur ef JBT afhendir ekki innan frestsins. Viðbótarfrestur er ekki nauðsynlegur ef JBT hafnar afhendingu endanlega eða ef ekki er unnt að standa við bindandi afhendingardag sem er grundvallarforsenda samningsins og umsömdum tilgangi verður því ekki náð. Endurgreiða skal fyrirframgreiðslur vegna þess óafhenta hluta sem rift er. Um skaðabætur fer samkvæmt grein 10.

6 Móttaka og skoðun

6.1 Kaupandi skal sækja vörurnar innan þess gjaldfrjálsa móttöku- eða geymslutíma sem flutningsaðili eða rekstraraðili vörustöðvar veitir. JBT skal tilkynna kaupanda að vörurnar séu tollafgreiddar og tilbúnar til afhendingar og tilgreina síðasta dag til að sækja þær án geymslugjalda, þannig að kaupandi hafi hæfilegt svigrúm til að skipuleggja móttöku fyrir þann dag. Ef ekki er hægt að tilkynna með nægum fyrirvara innan gjaldfrjálsa tímans skal JBT veita hæfilegan viðbótarfrest til móttöku; geymslugjöld sem falla til fyrir lok þess frests skulu ekki lögð á kaupanda.

6.2 Sæki kaupandi ekki vörurnar fyrir lok frestsins sem tilkynntur var samkvæmt grein 6.1 má JBT síðar reikningsfæra raunveruleg og skjalfest geymslugjöld sem flutningsaðili eða rekstraraðili vörustöðvar leggur á vegna tafarinnar, án álagningar. JBT skal veita fylgigögn sé þess óskað. Kaupandi ber ekki kostnað sem stafar af því að JBT veitir ekki nauðsynlegar upplýsingar um móttöku í tæka tíð eða af því að vörurnar eru ekki tilbúnar til afhendingar. Áhætta flyst við lok viðeigandi tilkynnts frests aðeins ef vörurnar hafa verið auðkenndar og eru tilbúnar til afhendingar og það verður rakið til kaupanda að þær eru ekki sóttar. Þau áhættuskipti hefja ekki ein og sér ábyrgðartímann samkvæmt grein 7. JBT skal gæta hæfilegrar aðgæslu við vörur í geymslu.

6.3 Kaupandi skal skoða vörurnar án tafar þegar það er með sanngirni framkvæmanlegt, skrá sýnilegar flutningsskemmdir á afhendingarskjöl og varðveita viðeigandi umbúðir og ljósmyndir. Tilkynna ætti sýnilegan vöruskort eða skemmdir innan fimm virkra daga; aðra galla skal tilkynna án ástæðulauss dráttar eftir að þeir uppgötvast. Það eitt að fimm daga viðmiðið sé ekki uppfyllt veldur ekki sjálfkrafa því að krafa vegna leynds galla falli niður.

7 Takmörkuð ábyrgð og úrræði vegna galla

7.1 JBT ábyrgist að vörurnar séu við afhendingu í samræmi við umsamin tæknileg skilyrði og lausar við efnis- og framleiðslugalla. Með fyrirvara um ófrávíkjanleg lög er samningsbundinn ábyrgðartími vegna galla tólf mánuðir frá raunverulegri móttöku kaupanda eða tilnefnds flutningsaðila hans á umsömdum afhendingarstað, eða 2.500 rekstrarstundir vörunnar frá þeirri móttöku, hvort sem fyrr verður. Tímabilið tekur til galla sem falla undir samningsskyldur JBT; það felur ekki í sér loforð um að bæta úr sérhverri bilun á tímabilinu óháð orsök. Síðbúin uppsetning eða fyrsta notkun frestar ekki upphafi tímabilsins.

7.2 Tímabilið í grein 7.1 kemur í stað þess almenna frests sem annars gildi til að bera fyrir sig galla á vöru, að því marki sem lög heimila. Galli sem fellur undir ábyrgðina skal koma í ljós innan tímabilsins og tilkynntur án ástæðulauss dráttar eftir að kaupandi uppgötvar hann eða hefði með réttu átt að uppgötva hann. Galla sem uppgötvast skömmu fyrir lok tímabilsins má tilkynna innan tíu virkra daga eftir lok þess. Kröfum sem tilkynntar eru í tæka tíð má áfram halda fram eftir lok tímabilsins, með fyrirvara um gildandi fyrningarreglur. Þessar tímatakmarkanir gilda ekki ef JBT hefur sýnt af sér stórfelld gáleysi eða háttsemi sem stríðir gegn heiðarleika og góðri trú, eða ef réttindi verða ekki takmörkuð með lögumætum hætti.

7.3 Rekstrarstundir skulu ákvarðaðar út frá áreiðanlegum tímamæli vörunnar eða öðrum sannreynanlegum rekstrarskrám. Umdeild stundamörk teljast ekki komin fram eingöngu á grundvelli órókstuddrar áætlunar. Kaupandi skal leggja fram tiltækar skrár og má ekki eiga við tímamæla.

7.4 Ábyrgðin tekur ekki til eðlilegs slits, rekstrarvara sem ganga til þurrðar við venjulega notkun eða galla að því marki sem þeir stafa af rangri notkun, óhentugum rekstrarskilyrðum, rangri uppsetningu annarra, ófullnægjandi viðhaldi, ytri skemmdum eða óheimilum breytingum. Breyting sem tengist ekki gallanum fellir ekki ein og sér alla ábyrgð niður.

7.5 JBT skal fá hæfilegt tækifæri til að skoða vöru og bæta úr galla sem fellur undir ábyrgð. JBT getur valið viðgerð eða afhendingu nýrrar vöru í stað þeirrar gölluðu, enda séu úrbæturnar fullnægjandi og þeim lokið innan hæfilegs tíma án óhæfilegs óhagræðis. Nauðsynlegir varahlutir vegna galla sem falla undir ábyrgð eru afhentir án endurgjalds. Takist úrbætur ekki, sé þeim hafnað eða þeim ekki lokið innan hæfilegs tíma getur kaupandi krafist hæfilegs afsláttar eða rift viðkomandi kaupum vegna verulegs galla. Um tengdar skaðabætur fer samkvæmt grein 10.

7.6 Viðgerð eða afhending nýrrar vöru í stað gallaðrar vöru byrjar ekki upphaflega ábyrgðartímann að nýju, nema ófrávíkjanleg lög krefjist þess. JBT ber áfram ábyrgð á réttri framkvæmd úrbóta og lok tímabilsins fella ekki niður óleysta kröfu sem tilkynnt hefur verið í tæka tíð.

7.7 JBT er samningsaðili kaupanda og tengiliður vegna samningsins. Efndir JBT á skyldum sínum eru ekki háðar endurgreiðslu eða samþykki Wintersteiger. Aðstoð framleiðanda er nýtt við framkvæmd umsaminna verkferla; sérstakir söluskilmálar framleiðanda eru ekki teknir í heild inn í samninginn við kaupanda.

8 Tilkynning um galla

8.1 Kaupandi skal hafa samband við JBT á þjónustunetfangið sem tilgreint er í tilboðinu og veita pöntunartilvísun, gerð, raðnúmer, lýsingu á bilun, tiltækar upplýsingar um rekstrarstundir og viðeigandi ljósmyndir eða villuskilaboð. Ef áframhaldandi notkun getur verið óörugg eða aukið tjón skal kaupandi hætta notkun viðkomandi vöru og gera sanngjarnar verndarráðstafanir.

9 Aðstoð og þjónustukostnaður

9.1 JBT reynir fyrst fjargreiningu og leitar, eftir þörfum, til þjónustuteymis Wintersteiger. Kaupandi skal veita eðlilegan aðgang og aðstoð. Fjaraðgangur að kerfum kaupanda krefst viðeigandi heimildar og öryggisráðstafana. Kaupandi má ekki framkvæma óöruggar prófanir eða rafmagnsvinnu án tilskilinna réttinda.

9.2 JBT skal samræma viðgerðir á staðnum og þær skulu framkvæmdar af aðilum sem JBT hefur samþykkt, þar á meðal hæfum samstarfsaðilum á staðnum eða tæknimönnum framleiðanda eftir því sem við á. Kaupandi má ekki panta viðgerðir gegn greiðslu fyrir hönd JBT án skriflegs samþykkis, nema brýn aðgerð sé með réttu nauðsynleg til að koma í veg fyrir líkamstjón eða verulegt tjón og JBT geti ekki brugðist við í tæka tíð. Krafa vegna neyðaraðgerðar skal studd gögnum um nauðsyn hennar og sanngjarnan kostnað.

9.3 Vegna galla sem fellur undir grein 7 skal JBT annast umsamdar úrbætur og bera sanngjarnan kostnað sem er nauðsynlegur til að uppfylla samningsbundna úrbótaskyldu sína, þar á meðal nauðsynlega samþykktu vinnu og flutning. JBT lofar ekki heimsókn á staðinn ef fjargreining, hlutur sem kaupandi getur skipt um á öruggan hátt eða úrbætur á viðurkenndu verkstæði eru sanngjörn lausn. Vinna sem krefst tæknilegrar hæfni skal framkvæmd af hæfum aðilum.

9.4 Fyrirbyggjandi viðhald, rekstrarvörur, valfrjálsar heimsóknir og vinna vegna orsaka sem eru undanþegnar ábyrgð samkvæmt grein 7.4 eru gjaldskyld. Áður en gjaldskyld greining, ferð eða vinna hefst skal JBT útskýra gjaldtökugrundvöllinn og fá samþykki. Ef óvíst er hvort ábyrgð gildi skulu aðilar samþykkja skilyrta kostnaðaráætlun sem tilgreinir hvað megi gjaldfæra ef í ljós kemur orsök sem fellur utan ábyrgðar. Kaupandi ber ekki kostnað af valfrjálsri vinnu sem ekki hefur verið samþykkt.

9.5 Ekki er tryggður tiltekinn viðbragðs- eða viðgerðartími, stöðugt þjónustuaðgengi, lánsbúnaður eða reglubundið viðhald nema sérstaklega sé samið um það. JBT skal þó sinna tilkynntum göllum sem falla undir ábyrgð innan hæfilegs tíma. Kaupandi skal hafa viðeigandi viðbúnað vegna rekstrartruflana.

10 Ábyrgð og takmarkanir hennar

10.1 Hvorugur aðili undanþiggur sig ábyrgð vegna svika eða vísvitandi brota á skyldum sínum. Takmarkanir á ábyrgð JBT hér á eftir gilda ekki um stórfellt gáleysi, dauðsfall eða líkamstjón, ófrávíkjanlega skaðsemisábyrgð eða aðra ábyrgð sem ekki má takmarka með lögmætum hætti.

10.2 Með fyrirvara um grein 10.1 skal heildarskaðabótaábyrgð JBT vegna eða í tengslum við pöntun, hvort sem hún byggist á samningi, skaðabótaðreglum utan samninga eða öðrum grundvelli, ekki fara yfir heildarkaupverð samkvæmt þeirri pöntun án virðisaukaskatts. Hámarkið gildir um allar tengdar kröfur samanlagt, ekki hverja kröfu fyrir sig.

10.3 Með fyrirvara um grein 10.1 ber JBT ekki ábyrgð á framleiðslutapi, tekju- eða hagnaðartapi, rekstrarstöðvun, missi samninga, gagnatapi eða óbeinu eða afleiðdu tjóni. Þessar tilgreindu undanþágur gilda óháð því hvort tjónið er flokkað sem beint eða óbeint. Ófrávíkjanleg réttindi tjónþola sem eru þriðju aðilar haldast óskert.

10.4 Hámarkið og undanþágurnar fella ekki niður skyldu JBT til að gera við eða skipta út gölluðum vörum sem falla undir ábyrgð, veita umsaminn eða réttmætan afslátt eða endurgreiða fjárhæðir sem ber að endurgreiða við riftun. Ekki skal bæta sama tjón tvisvar. Hvor aðili skal gera sanngjarnar ráðstafanir til að takmarka tjón.

11 Atvik utan eðlilegra yfirráða

11.1 Aðili er undanþeginn þeim samningsefndum sem verða fyrir áhrifum að því marki sem þær hindrast vegna atviks utan eðlilegra yfirráða hans sem hann gat ekki með sanngirni séð fyrir, forðast eða yfirunnið. Slík atvik geta meðal annars verið náttúruhamfarir, stríð, bann stjórnvalda eða óvenjuleg röskun á flutningum. Vanefnd birgis fellur aðeins hér undir ef undirliggjandi atvik uppfyllir þessi skilyrði. Fjárskortur eða venjulegar kostnaðarhækkningar falla ekki hér undir.

11.2 Sá aðili sem verður fyrir áhrifum skal án tafar lýsa atvikinu, líklegum afleiðingum og mótvægisáðgerðum, halda hinum aðilanum upplýstum og hefja efndir að nýju þegar það er með sanngirni unnt. Frestur lengist aðeins að því marki sem atvikið réttlætir.

11.3 Ef atvikið hindrar áfram viðkomandi efndir í meira en sextíu samfellda daga getur hvor aðili rift óefndum hluta samningsins sem verður fyrir áhrifum með skriflegri tilkynningu. JBT skal endurgreiða fyrirframgreiðslur vegna vara eða þjónustu sem ekki hafa verið afhentar samkvæmt þeim hluta. Áfallnar greiðsluskilyldur vegna lokinna efnda haldast.

12 Trúnaður og réttindi vegna vara

12.1 Hvor aðili skal vernda óopinberar viðskipta- og tækniupplýsingar hins og aðeins miðla þeim til starfsfólks, ráðgjafa, flutningsaðila eða þjónustuaðila sem þurfa þær vegna samningsins og eru bundnir viðeigandi trúnaðarskyldu, eða þegar upplýsingagjöf er lögbundin. Þetta tekur ekki til upplýsinga sem aðili þekkti þegar með lögmætum hætti, þróaði sjálfstætt eða eru opinberlega aðgengilegar án brots á trúnaði.

12.2 Hvor aðili heldur þeim hugverkaréttindum sem hann átti fyrir. Kaupin flytja ekki eignarrétt að hugbúnaði framleiðanda eða tæknilegum hugverkum. Viðbótartakmarkanir samkvæmt hugbúnaðarleyfi skulu afhentar áður en samningur er samþykktur. Ekkert ákvæði skerðir réttindi sem ekki má útiloka með lögmætum hætti.

12.3 Hvorugur aðili má nota nafn eða merki hins sem tilvísun í markaðssetningu án skriflegs leyfis fyrir fram. Samskiptaupplýsingar eru unnar samkvæmt gildandi persónuverndarlögum og viðeigandi persónuverndaryfirlýsingu. Skilmálar þessir veita ekki ótakmarkaðan aðgang að kerfum eða gögnum kaupanda.

13 Tilkynningar og almenn ákvæði

13.1 Panta má, samþykkja breytingar og senda tilkynningar um galla eða riftun með tölvupósti til viðeigandi tengiliðar sem tilgreindur er í tilboðinu eða síðar hefur verið tilkynntur skriflega. Hvor aðili skal halda samskiptaupplýsingum sínum uppfærðum. Mikilvægar tilkynningar ættu að tilgreina pöntunina og óska staðfestingar á móttöku; ef sending mistekst skal nota aðra sanngjarna samskiptaleið.

13.2 Breyting á útgáfu skilmála á vefsíðu breytir ekki fyrirbyggjandi samningi án samkomulags. Sé ákvæði óframkvæmanlegt halda önnur ákvæði gildi sínu að því marki sem unnt er; ekkert ákvæði skal sjálfkrafa endurskrifað þannig að það leggi sem mestar byrðar á kaupanda.

13.3 JBT má nota hæfa undirverktaka en ber áfram ábyrgð á samningsskyldum sínum. Hvorugur aðili má framselja samninginn án skriflegs samþykkis hins, að undanskildu framsali peningakrafna sem gildandi lög heimila.

13.4 Í þessum skilmálum merkja virkir dagar mánudaga til föstudaga, að undanskildum almennum frídögum á Íslandi. Aðrar tilvísanir til daga merkja almanaksdaga.

14 Lög og ágreiningur

14.1 Um samninginn gilda íslenskar efnisreglur. Samningur Sameinuðu þjóðanna um alþjóðleg lausafjárkaup gildir ekki að því marki sem hann ætti annars við. Aðilar skulu fyrst leitast við að leysa ágreining sín á milli með aðkomu tilnefndra fulltrúa sinna, án þess að það hindri brýnar verndarráðstafanir eða málshöfðun í tæka tíð.

14.2 Ágreining skal leggja fyrir þar til bærán héraðsdóm á skráðu varnarþingi JBT á Íslandi, að því marki sem samningur um varnarþing hefur réttaráhrif. Skilmálar þessir eru gefnir út á íslensku og ensku. Ef misræmi eða munur á túlkun kemur upp gildir íslenski textinn.